



Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030



Umhverfisskýrsla

Mái 2010

Efnisyfirlit

Umhverfisskýrsla.....	1
Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur.....	3
2. Tengsl við áætlanir	3
3. Umhverfisaðstæður og umhverfispættir.....	4
4. Áhrifa og umhverfispættir	6
5. Viðmið og skýringar	6
6. Áhrif skipulagsáætlunar	7
7. Kynning og samráð.....	10
8. Ferlið	11
9. Niðurstaða	11

1. Inngangur

Seyðisfjarðarkaupstaður vinnur nú að endurskoðun á aðalskipulagi. Um er að ræða endurskoðun á aðalskipulagi kaupstaðarins frá 1977 – 1997 og nær skipulagið nú til alls svæðis innan sveitarfélagamarka en eldra skipulag náði aðeins til þéttbýlisins. Auk þess hefur í millitíðinni orðið sú breyting að Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður sameinuðust 1990.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun í dreifbýlinu en þar er nú stunduð skógrækt á tveimur jörðum og hefðbundinn landbúnaður á fjórum jörðum. Breyting á landnotkun í þéttbýlinu mótast að mestu leyti af hættumati vegna ofanflóða sem staðfest var 2002. Gert er ráð fyrir að áframhaldandi þróun byggðar verði einkum niður við Fjarðará neðan skilgreindra hættusvæða.

Að öðru leyti vísast í meðfylgjandi tillögu að aðalskipulagi fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Breytingin er matskyld skv. lögum nr. 105/2006 þar sem um er að ræða endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Greint er frá umhverfisáhrifum breytingarinnar í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingu.

Matið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 105/2006 sem og leiðbeiningar sama efnis sem eru aðgengilegar á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

2. Tengsl við áætlanir

Í þessum kafla er farið yfir tengsl nýs aðalskipulags við áætlanir sem gilda á svæðinu og gefið yfirlit yfir efni og helstu stefnumið þeirra.

Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 1977 – 1997 náði aðeins til þéttbýlisins á Seyðisfirði. Sú áætlun sem hér er í smíðum nær til alls lands innan sveitarfélagsins. Inn í nýju áætlunina eru felldar allar breytingar sem staðfestar eru á fyrri áætlun auk áætlana sem náðu til svæðis utan fyrra skipulags eins og deiliskipulag Fjarðarvirkjunar. Mörk sveitarfélagsins liggja að norðanverðu að Borgarfjarðarhreppi. Þar tengja gönguleiðir sveitarfélögin saman. Að vestanverðu liggja mörkin að sveitarfélagamörkum Fljótsdalshéraðs. Þar tengist þjóðvegurinn frá Seyðisfirði á Fjarðarheiði en auk þess liggur aðveitulína rafmagns og ljósleiðari til Héraðs. Að sunnanverðu liggja mörkin að sveitarfélagamörkum Fjarðarbyggðar. Þar liggja aðveitulínur frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar á tveimur stöðum um Dalaskarð og Brekkugjá auk þess sem nokkrar gönguleiðir eru þar á milli, mismikið notaðar. Farið var yfir sveitarfélagamörk milli Seyðisfjarðar og þessara sveitarfélaga fyrir nokkrum árum og þau samræmd þar sem einhver frávik voru, sem einkum voru við enda að norðanverðu á Brimnesfjalli og að sunnanverðu á Skálanesbjargi.

Náttúruminjasrá:

NM 607 Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri, Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Svæði frá Hafnarbjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar, þá ráða hreppamörk á Brimnesfjalli að Grýtukolli suður með Grýtuá. Vestdalur, Hrútahjalli, norðureggjar Bjólfs og þaðan sýslumörk norður að Hvannastóðseggjum. Vatnaskil ráða mörkum frá Hvannastóðseggjum að Hafnarbjargi. (2) Víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.

NM 608. Austdalur, Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Vatnasvið Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum.

Fornleifar:

Á Þórarinsstöðum var á árunum 1998 – 1999 grafin upp stafkirkja frá landnámsöld. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur vann doktorsritgerð um uppgröftinn. Þetta eru einu friðlýstu minjarnar á Seyðisfirði. Forn kirkjugarður um 40 m austan við gamla bæjarstæðið. Sbr. Árb. 1970: 75-78.

Á öllu svæðinu eru minjar um búsetu frá fyrri tíma. Fornleifaskráning vegna nýs aðalskipulags var unnin af Bjarka Borgþórssyni fornleifafræðingi og Ólafi Erni Péturssyni landfræðingi haustið 2009. Skráningin náði til alls lands í þéttbýlinu og svæðis undir fyrirhugaða frístundabyggð á Vestdalshálsi. Fornleifaskráningin og kort yfir minjadreifingu fylgja með skipulagsáætluninni í viðauka.

Á svæði á Vestdalshálsi þar sem gert var ráð fyrir að byggja nýja sumarhúsabyggð komu í ljós talsverðar minjar um fyrri búsetu og var horfið frá því að skipuleggja þar sumarhúsabyggð í bili að minnsta kosti.

Lagt er til í aðalskipulaginu að sérstakt tillit verði tekið til búsetuminja og náttúrufars í Vestdal og á Vestdalseyri með því að það svæði njóti hverfisverndar.

3. Umhverfisaðstæður og umhverfispættir

Landslag og staðhættir : Seyðisfjarðarkaupstaður er syðstur fjarða í Norður-Múlasýslu. Mörk sveitarfélagsins eru í grófum dráttum á vatnaskilum fjallgarðanna sem aðskilur Seyðisfjörð og Mjóafjörð í suðri, Fljótsdalshérað í vestri og Loðmundarfjörð í norðri.

Seyðisfjörður liggur inn frá Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst þar sem kaupstaðurinn er fyrir botni fjarðarins við rætur Bjólfs að norðanverðu og Strandartinds að sunnan.

Undirlendi er fremur lítið inn í botninum en út með firði er það talsvert meira, víðast vel gróið og skilyrði til ræktunar og búskapar nokkuð góð.

Einkennandi fyrir landslag eru há og tignarleg fjöll, hluti Austfjarðafjallendisins milli Fjarða og Héraðs þar sem einstaka tindar rísa um og yfir 1100 m.y.s. Fjalllendið sem liggur út með firði fer heldur lækkandi. Að norðan er Brimnesfjall en að sunnan Skálanesbjarg sem gengur lengst í sjó fram til austurs.

Veður: Ríkjandi vindáttir taka mið af staðháttum og landslagi, og eru í stefnu fjarðarins. Vindur getur verið mjög byljóttur í hvössum vindi og staðbundnir vindstrengir mjög hvassir sem mótast af vindstefnu og fjöllum. Vindhraði hefur mælt yfir 60 m/sek á skipum í höfninni í slæmum veðrum. Úrkoma getur verið mjög mikil á stuttum tíma bæði regn og snjór sem veldur bæði hættu á aurskriðum og snjóflóðum úr bröttum fjöllum ofan kaupstaðarins.

Á Seyðisfirði búa um 700 íbúar í kaupstaðnum. Auk þess er búið á 4 bæjum út með firðinum og rekin ferðaþjónusta og fræðastarfsemi á einum bæ að auki að sumarlagi. Sjávarútvegur og iðnaður tengdur honum ásamt ferðaþjónustu og opinberri þjónustu vegur þyngst í atvinnulífinu.

Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi drög að greinargerð varðandi lýsingu á aðstæðum.

Endurskoðun aðalskipulagsins tekur að mestu leyti mið af breytingum og þróun sem orðið hefur undanfarin ár og hættumats vegna ofanflóða. Gert er ráð fyrir að svæði fyrir nýja byggð samkvæmt staðfestri breytingu á aðalskipulagi frá 2007 sem gæti rúma um 400 -450 íbúa á svæðinu við Garðarstjörn innan við aðveitustöð Rarik sé í stórum dráttum nægjanlegt. Samkvæmt skipulagstillögunni verður ípróttavöllur við Garðarsveg íbúðasvæði en nýtt ípróttasvæði byggt upp innan Bakkahverfis norðan ár á svæði þar sem skilgreint er hættusvæði vegna ofanflóða. Íbúðarsvæði og skógræktarsvæði innan við kirkjugarðinn verður athafnasvæði. Nýtt athafnasvæði er innan við íbúðabyggð við Árbakka ofan Vesturvegar á svæði þar sem skipulagi hafði áður verið frestað. Svæðið er í beinum tengslum við núverandi byggð og samgöngukerfi sem fyrir er. Nýja ípróttasvæðið er á svæði sem áður var að hluta skipulagt fyrir íbúðabyggð á gróinni skriðu innan við íbúðarhverfið norðan ár ofan og innan við Dalbakka.

Möguleg staðsetning á munnum jarðganga er sett inn á skipulagsuppdrátt en bættar samgöngur er eitt helsta baráttumál bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar í áratugi. Unnið hefur verið að rannsóknum á svokölluðum Miðfjarðargöngum og eru göng til Seyðisfjarðar hluti af þeim. Bættar samgöngur er mikilvæg forsenda byggðapróunar á Seyðisfirði. Efni sem til fellur við gangnagerð mun nýtast við uppbyggingu á staðnum samhliða jarðgangnagerð þar sem þá fellur til efni sem vantar að miklu leyti á staðnum til byggingar- og jarðvinnuframkvæmda en að öðru leyti til landmótunar. Jafnhliða undirbúningi jarðgangnagerðar verður unnið umhverfismat vegna framkvæmda.

4. Áhrifa og umhverfispættir

Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir.

Í umhverfisskýrslunni er farið yfir eftirfarandi þætti:

- Landnotkun og samfélag
- Öryggismál.
- Menningararfleifð
- Dýr og plöntur
- Áhrif á fornleifar.
- Útivist og ferðamennska.
- Náttúruminjar.

Val á umhverfispáttum byggist á greiningu á því hvað þættir umhverfisins geta orðið fyrir áhrifum af skipulagsáætluninni.

5. Viðmið og skýringar

Mat á umhverfisáhrifum byggir á þremur meginþáttum: Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér. Eftirfarandi viðmið voru m.a. notuð, náttúruminjasrá frá 1991, skipulags og byggingarlög 73/1997 m.s.br. 1.gr., þjóðminjalög nr. 107/2001 1.gr. og lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið er notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa.

- ✚ (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
 - Aðalskipulagsbreyting styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.
- ✚ (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
 - Aðalskipulagsbreyting hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
- ✚ (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
 - Aðalskipulagsbreyting vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.
- ✚ (?) Óljós áhrif á umhverfispátt.
 - Aðalskipulagsbreyting hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

6. Áhrif skipulagsáætlunar

- Landnotkun og samfélag. Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir nýju athafnasvæði innan við Árbakka ofan Vesturvegar. Svæðið er að mestu leyti áður raskað þar sem þjóðvegurinn lá um efri hluta þess áður fyrr og er hann að mestu uppgróinn. Fyrir neðan hann og milli hans og núverandi þjóðvegur er svæði sem var áður notað sem tún eða beutiland en er í órækt og hefur ekki verið slegið lengi. Það hafði ekki verið ræst fram umfram skurði við veginna. Svæðið liggur við þjóðveginn inn í bæinn þannig að vegagerð og umferð er í lágmarki við að taka nýja svæðið í notkun. Áhrif á gróður og dýralíf er í lágmarki. Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir að íþróttavöllur við Garðarsveg verði tekinn undir íbúðabyggð en nýtt íþróttavallarsvæði verði byggt upp innan við Gilsbakkann ofan Dalbakka. Lagna- og umferðarkerfi er allt til staðar fyrir íbúðarbyggð á íþróttavallarsvæðinu við Garðarsveg. Svæðið sem ætlað er fyrir íþróttavarsvæði innan við Gilsbakkann er hættusvæði samkvæmt hættumati vegna ofanflóða og er valið fyrir íþróttavallarsvæði vegna þess. Landnotkun eldra skipulags gerði ráð fyrir íbúðabyggð á þessu svæði. Þessu er nú breytt til að beina íbúðabyggð á öruggari svæði en nýta svæði sem ekki eru eins örugg fyrir starfsemi sem hefur minni viðveru og fer fram að sumarlagi.
- Öryggismál. Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir að byggð færast niður fyrir línur hættumatsins á svæði þar sem áhætta er talin ásættanleg samkvæmt viðmiðunum sem lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum setja. Áhrifin eru aukið öryggi byggðarinnar í heild.
- Menningararfleifð. Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir hverfisvernd á tveimur svæðum. Annarsvegar á miðsvæði bæjarins þar sem heilsteypt mynd eldri húsa frá ofanverðri 19. öld og byrjun þeirrar 20. setja sterkt svipmót á byggðina. Hverfisverndin er leið kaupstaðarins til halda utan um, varðveita og viðhalda svipmóti gömlu byggðarinnar. Vestdalseyri og Vestdalur er einnig hverfisvernduð en það svæði er á náttúruminjaskrá auk þess sem enn má sjá minjar um búsetu frá fyrri tíð þó húsin séu nánast að öllu leyti horfin. Stefna kaupstaðarins er að varðveita menningararfleifðina eins og kostur er og hverfisvernd er sú leið sem valin er til þess varðandi þessi svæði.
- Dýr og plöntur. Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að svæði með Vesturvegi innan Árbakka verði tekið undir athafnasvæði og svæðið ofan við Dalbakka verði gert að íþróttavallasvæði. Svæðið er að stærstum hluta raskað þar sem vegurinn lá áður fyrr um fyrirhugað athafnasvæði innan við Árbakka. Svæðið ofan við Dalbakka þar sem fyrirhugað íþróttavallarsvæði á að rísa er grasi gróið mólendi sem hefur áður verið notað sem beutiland og að hluta til grasnytja. Það hefur verið ræst fram um miðja síðustu öld. Svæðið er að mestu vaxið háu túngresi með illgresi í bland sem hefur breiðst út frá íbúðabyggðinni s.s njóla og hvönn sem hefur borist út frá görðum næst svæðinu.

Eitthvað fuglalíf er ennþá á svæðinu en það hefur hörfað lengra frá byggðinni samfara stóraukinni hunda og kattæign í íbúðarbyggðinni á síðustu árum.

- Fornleifar. Fornleifatalning var framkvæmd í þéttbýlinu og þar sem fyrirhuguð frístundabyggð átti að rísa á Vestdalshálsi. Hætt var við þær fyrirætlanir m.a. vegna búsetuminja á svæðinu. Á svæðinu þar sem fyrirhugað íþróttavallarsvæði á að rísa vottar fyrir þúst þar sem svokallað Mylluholt var og verður það rannsakað áður en til framkvæmda kemur. Sjá nánar í fornleifaskráningu.
- Útivist og ferðamennska. Hverfisvernd til að vernda búsetuminjar og viðhalda og styrkja svipmót og yfirbragð byggðarinnar í elsta hluta bæjarins mun vafalítið hafa jákvæð áhrif til lengri tíma fyrir ferðamennsku. Aðgengi að útivistarsvæðum kaupstaðarins er nú þegar mjög gott og gert er ráð fyrir að lagfæra og viðhalda vegum eða slóðum út með firði beggja vegna, upp á Vestdal og út að snjóflóðavarnarvirkjum í Bjólfi með svipuðum hætti og áður en það tryggir að aðgengi að útivistarsvæðum sé gott.
- Náttúruminjar. Ný byggingarsvæði samkvæmt þessari skipulagsáætlun hafa engin áhrif á náttúruminjar á svæðinu.
- Samgöngur. Hvað varðar jarðgöng er sú staðsetning gangamunna sem sýnd er í skipulagstillögunni ekki að fullu ákveðin en hún byggir á samstarfi sveitarfélaga á austurlandi um framtíðarsýn í vegamálum. Ljóst er að endanleg staðsetning ræðst af upplýsingum sem fram koma við undirbúning og hönnun en ólíklegt er að til greina komi staðsetning sem er verulega frábrugðin þeirri sem sýnd er í tillögunni. Hinn kosturinn væri að sleppa nýjum framkvæmdum á þessari leið og reyna að halda áfram að lagfæra þjóðveginn þar sem hann er. Sá kostur hefur væntanlega í för með sér sömu stöðu og er í dag varðandi íbúðarþróun. Ljóst er að umhverfisáhrif jarðganga eru mjög lítil miðað við það gildi sem göngin hafa fyrir samfélagið. Af þessum sökum telst núllkosturinn, þ.e. að viðhalda meira og minna óbreyttu ástandi ekki fýsilegur og í raun tímaspursmál hvað það getur verið ásættanlegt lengi.

Hér fyrir neðan er tafla þar sem tekið er saman yfirlit yfir þá umhverfisþætti sem eru skoðaðir vegna nýrrar skipulagsáætlunar. Hvaða þættir áætlunarinnar eru skoðaðir í því sambandi, hver hugsanleg áhrif eru og hvað er miðað við. Þá eru loks niðurstöður matsins dregnar saman. Taflan er sett fram til að auðveldara sé að glöggva sig á áhrifum á einstaka þætti, hvaða þættir eru skoðaðir og niðurstöðum matsins í hverju tilviki. Valkostir við stefnu kaupstaðarins eru ekki margir sem helgast fyrst og fremst af því hversu miklar skorður hættumat vegna ofanflóða setur þróun byggðar á svæðinu.

Umhverfispættir	Til athugunar	Hver eru áhrif.	Umhverfisviðmið	Niðurstöður mats
Landnotkun og samfélag	Notkun á svæðum breytt og svæði þar sem skipulagi var frestað breytt í athafnasvæði	Áhrif á landnotkun og uppbyggingu samfélags.	Styrkja byggð og samfélag	O - + nýtt athafnasvæði með góð tengsl við gatna- og lagnakerfi. Íþróttasvæði fær rúma stækkunarmöguleika á nýju svæði. Jarðgöng stuðla að þróun og uppbyggingu byggðarinnar
Öryggismál	Skipulag byggðar fært neðar í hlíðar með hliðsjón af jafnhættulínum hættumats. Jarðgöng koma í stað erfið fjallvegur.	Áhrif á öryggi	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum	+ eykur öryggi, staðsetning byggðar er í meiri fjarlægð frá fjallshlíðum. Jarðgöng öruggari en vegur um Fjarðarheiði einkum að vetrarlagi.
Menningararfleifð	Skilgreind tvö svæði sem njóta hverfisverndar	Áhrif á varðveislu	Varðveita eftir föngum heilsteypta bæjarmynd í miðbæ Seyðisfjarðar og náttúrufar og minjar um byggð á Vestdalseyri og Vestdal.	+ eflir heilstæða bæjarmynd sem byggir á arfleifð liðins tíma með því að settar eru skýrar reglur á svæðum með hverfisvernd.
Dýr og plöntur	Svæði við Vesturveg tekið undir byggð.	Áhrif á dýr og plöntur	Skoðað hvort skipulag raskar sérstæðu eða viðkvæmu dýralífi eða plöntum á svæðinu	O áhrif á fuglalíf óveruleg. Hluta svæðisins hefur þegar verið raskað og áhrif á plöntur í lágmarki.
Fornleifar	Skráðar fornleifar skv. fornleifaskráningu, sbr. þjóðminjalög nr. 107/2001.	Er fornleifum ógnað	Varðveita eftir föngum minjar um umsvif og byggð fyrri alda, sjá markmið vegna hverfisverndar	O - + staðsetning nýrra byggingarsvæða er þar sem ekki er mikið um fornminjar. Hverfisvernd dregur úr áhrifum á fornleifar.

Útivist og ferðamennska	Hverfisvernd í hjarta bæjarins og hverfisvernd á Vestdal og Vestdalseyri	Hver eru áhrif nýs skipulags á ferðamennsku og umferð á svæðinu	sjá markmið vegna hverfisverndar	O - + hverfisvernd hefur jákvæð áhrif á svipmót gömlu byggðarinnar. Hverfisvernd á Vestdal og Vestdalseyri hefur jákvæð áhrif á útivist.
Náttúruminjar	Nýtt byggingarsvæði innan núverandi byggðar við Vesturveg. Hverfisvernd á Vestdal og Vestdalseyri.	Áhrif á náttúruminjar	Náttúruminjaskrá og reglur um hverfisvernd í aðalskipulagi	O - + staðsetning byggingarsvæðis innan núverandi byggðar raskar ekki náttúruminum. Hverfisvernd á Vestdal og Vestdalseyri tryggir vernd á því svæði.

Tafla 1. Yfirlit yfir áhrif á þætti sem skoðir eru í tengslum við gerð nýs skipulags.

7. Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingar, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila fyrir auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

- Skipulagsstofnun
 - Lögbundin umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Umhverfisstofnun
 - Lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Borgarfjarðarhreppur
 - Lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana sem aðliggjandi sveitarf.
- Fjarðabyggð
 - Lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana sem aðliggjandi sveitarf.
- Fljótsdalshérað
 - Lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana sem aðliggjandi sveitarf.

- Öðrum umsagnaraðilum samanber gr. 3.2 í skipulagsreglugerð er jafnframt kynnt efni skýrlunnar.

8. Ferlið

Umhverfisskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna er unnin í október 2009 til maí 2010. Verkfræðistofa Austurlands hefur unnið umhverfisskýrslu með aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030.

9. Niðurstaða

Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 hefur ekki veruleg umhverfisáhrif í för með sér. Áhrif hverfisverndar og nýtingar svæða nálægt umferðaræðum og á þegar röskuðum svæðum á náttúru og umhverfi eru í lágmarki. Áhrif skipulagsáætlunarinnar eru í flestum tilvikum jákvæð.

Seyðisfirði 14. maí 2010

Verkfræðistofa Austurlands
Sigurður Jónsson